

**Nd.**

**199. Frumvarp til laga**

**[92. mál]**

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 4. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsliður: Skulu þessi lán standa hjá stofnlánadeild, meðan þörf er á, og skal seðlabankinn reikna stofnlánadeild 1% vexti af því fé.

2. gr.

6. gr. laganna fellur niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Þetta frv. var lagt fyrir síðasta þing og fékk ekki afgreiðslu. Síðan hefur komið í ljós, að orðin er enn meiri nauðsyn á framgangi þessa máls, og er því frv. flutt á ný. Síðast fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar stofnlánadeild sjávarútvegsins var stofnuð við Landsbankann, var tilgangur löggjafans sá, að tryggja sjávarútveginum ódýrt stofnfé, einkum til þeirrar nýsköpunar, sem átti sér stað í sjávarútveginum á þeim árum, sem stofnlánadeildin var stofnuð. Það hefur hins vegar sýnt sig, eins og af ýmsum var búið við, að þær 100 milljónir króna, sem seðlabankinn upprunalega lánaði stofnlánadeildinni, nægði ekki fyrir hinn nýja togara- og bátafloa. Það þarf nú að tryggja meira fé í stofnlánadeildina. Nú er það hins vegar svo, að samkvæmt 6. gr. laganna greiðir stofnlánadeildin seðlabankanum jafnóðum þær afborganir, sem hún fær frá skuldunautum sínum, þannig að veltufé stofnlánadeildarinnar fer síminnkandi, þ. e. a. s. sá hluti, sem til A-lána fer, og mundi, ef þessi lagagrein væri óbreytt, engum nýjum aðila verða lánað A-lán úr stofnlánadeild, en deildin sjálf smám saman hverfa. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gera á lögnum, mundi stofnlánadeildin geta notað afborganir þær, sem hún nú fær af lánnum sínum, til nýrra útlána, en á þeim er sjávarútveginum hin mesta þörf, því enn skortir lánsfé handa síðustu nýsköpunartogurunum og allmörgum nýjum bátum.

Þá er enn fremur lagt til að ákveða með lögum þessum upphæð vaxtanna á því fé, sem seðlabankinn lánar stofnlánadeildinni. Í lögnum eins og þau nú eru ákveður bankastjórnin vextina með samþykki bankamálaráðherra. Eru þeir hafðir svo háir, að enginn möguleiki sé fyrir stofnlánadeild að hafa ágóða af lánnum sínum og afla sér þar með nokkurs rekstrarfjár til útlána til viðbótar stofnfénu. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til, mundi stofnlánadeild hins vegar fá muninn á 1% vöxtum þeim, er hún samkvæmt þessari breytingu greiðir seðlabankanum, og 2½% útlánsvöxtunum — eða m. ö. o. 1½% af öllum A-lánnum til sín.

Tilgangur þessara laga er að tryggja áframhaldandi starfsemi stofnlánadeildarinnar og það, að hún fái haldið upphaflegu stofnfé sínu og geti tryggt sjávarútveginum ódýr stofnlán. Án þessara breytinga verður stofnlánadeildin smádrepin og sjávarútveginum ekki tryggð nein ný ódýr stofnlán, en þau eru lífsskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt hans og viðgang.“